# GJALDSKRÁ

**fyrir losun taðþróa í Hlíðarþúfum í Hafnarfjarðarkaupstað.**

1. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar er heimilt að leggja á sérstakt taðþróargjald.

2. gr.

Taðþróargjaldið skal standa undir öllum kostnaði við hreinsun taðþróa í Hlíðarþúfum. Þar sem hreinsun taðþróa er sérstaklega flókin skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði.

Af öllum hesthúsum í Hlíðarþúfum skal greiða taðþróargjald.

3. gr.

Taðþróargjald greiðist til bæjarsjóðs Hafnarfjarðar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

4. gr.

Gjaldskrá um hreinsun taðþróa í Hlíðarþúfum – hesthúsahverfi:

| | | |
|---|---|---|
| | | *Gjald fyrir árið 2020 ** |
| Taðþróargjald* | pr. stíu | 16.394 kr. |

* Taðþróargjald á hverja stíu samkvæmt samþykktri byggingarnefndarteikningu.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

5. gr.

Taðþróargjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

7. gr.

Gjaldskráin tekur þegar gildi. Gjaldskrá þessi er samþykkt í bæjarráði 31. október 2019 og í bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar 11. desember 2019.

8. gr.

Jafnframt fellur fyrri gjaldskrá nr. 1289/2018 úr gildi.

*Hafnarfirði, 16. desember 2019.*

**Rósa Guðbjartsdóttir** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 8. janúar 2020